# Bréf og skjöl fátækramála 1909-1910

Aðfnr. 1018, örk 36


Tekið af vef Borgarskjalasafnsins

www.borgarskjalasafn.is

Heimilt er að vitna í skjölin og skal þá geta uppruna þeirra.



Ljósmyndun þessara skjala var styrkt af Þjóðskjalasafni Íslands.



**© Borgarskjalasafn Reykjavíkur**

Dagskrá
fyrir fund fátækranefndarinnar
10. nóv. 1910. –

1 Ráðstöfun á Unu Ásu Ásgrímsd. –
2. Um sveit Magneu Önnu Einarsd. –
3. Beiðni ábyrgð á legukostnaði Þorbjargar Friðriksdóttur. –

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur



4. flokkur.

Hús þau, er vatn nota til annars en venjulegra heimilisþarfa, vegna atvinnu, sem í þeim eru rekin, ef gjaldið er ekki ákveðið sérstaklega samkvæmt 4. gr.

3. gr.

Upphæð skattsins skal fyrst um sinn ákveðin, sem hér segir:

Fyrir hús í 1. flokki . . . . $2\frac{1}{2}$‰.
— — - 2. — . . . . $3\frac{1}{2}$‰.
— — - 3. — . . . . 4‰.
— — - 4. — . . . . 5‰.

Auk gjalds þessa greiðir húseigandi 6 kr. árlega fyrir hvert vatnssalerni, sem í húsinu er, og 4 kr. fyrir hvern hana utanhúss.

Fyrir hvern stórgrip greiðist 1 kr. sem aukagjald.

4. gr.

Vatnsskattur fyrir hreyfivélar, verksmiðjur, baðhús, þvottastöðvar, iðnaðarfyrirtæki og fyrir vatn til annarar slíkrar notkunar, skal venjulega ákveðinn með samningi. Náist ekki samkomulag um upphæð skattsins, skal hann innheimtur eftir mæli. Greiðist þá af ársbrúkun hverri 1 kr. fyrir hverja 100 hektólítra upp að 10 þúsund hektólítrum, en minna fyrir það, sem umfram er, eftir nánari ákvörðun vatnsnefndarinnar og eftir því, hve mikið er notað.

Vatnsveitan leggur til mæli, en notandi greiðir 12 kr. á ári í leigu fyrir hann. Sérstakt leyfi vatnsnefndar þarf til að setja mótora í samband við vatnsæðarnar.

5. gr.

Fyrir vatn, sem látið er úti til skipa á höfninni, greiðast 60 aurar fyrir hvert tonn.

6. gr.

Engum er heimilt að taka vatn úr brunahönum vatnsveitunnar.

7. gr.

Vatnsskatturinn greiðist fyrir liðinn ársfjórðung hvern og fellur í gjalddaga 31. marz, 30. júní, 30. september og 31. desember, og greiðist í fyrsta sinn 31. desember næstk. Sé skatturinn ekki greiddur í síðasta lagi mánuði eftir gjalddaga, greiði skuldunautur að auki 2% af skattsupphæðinni.

---

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# Frumvarp

**til bráðabirgðareglugjörðar um niðurjöfnun og innheimtu vatnsskatts í Reykjavíkurkaupstað.**

---

1. gr.

Af öllum húsum í lögsagnarumdæmi kaupstaðarins, sem virt eru til brunabóta og standa á lóð, er liggur að götu eða vegi eða opnu svæði, þar sem vatnsæðar liggja, skal greiða vatnsskatt. Sama er og um önnur hús, er fá vatn leitt úr vatnsveitu bæjarins. Skatturinn skal lagður á eftir virðingarverði húsanna til brunabóta. Skattinn skal einnig greiða af virðingarverði fastra véla, sem í húsinu eru, ef þær eru vátrygðar ásamt því.

2. gr.

Húsum kaupstaðarins skal skift í flokka til skatts, sem hér segir:

1. flokkur.

a) Byggingar landssjóðs og bæjarsjóðs.
b) Kirkjur, skólar og fundarhús án íbúðar.
c) Geymsluhús, sem engin íbúð er í og ekki fylgja íbúðarhúsi.
d) Íbúðarhús, sem ein fjölskylda býr í og virt eru meira en 25 þús. kr.

2. flokkur.

a) Bankahús, sölubúðir og fundarhús þau, sem jafnframt eru íbúðarhús.
b) Íbúðarhús einstakra manna, sem ein fjölskylda býr í og virt eru 15—25 þús. kr.

3. flokkur.

a) Íbúðarhús, sem ein fjölskylda býr í og virt eru minna en 15,000 kr.
b) Íbúðarhús, sem fleiri en ein fjölskylda býr í. Ef sölubúð er í íbúðarhúsi, telst hún sem íbúð.
c) Sjúkrahús, sem ekki eru eign landssjóðs eða bæjarsjóðs.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

9/11

Hjer með Leyfi eg mjer vyrdingarfyllst
að skrifa hinni Heydruðu Fátækranefnd þettað
brjef sama Efnis sem eg sydasta dag talaði munnlega
við Hr: Borgarstjóran, En af því mjer fynst að
hvert það Erindi sem eg þarf að minnast á hljóti að
koma fyrir nefndina sameiginlega þar það er Ekki
annað en viðvikjand þörfum mínum því eg hefi
orðið fyrir óviðfeldnum svörum hjá Borgarstjóra
Einum, því þegar eg bar upp beyðni mína við
hann að mjer mætti veytast styrkur til Lífsviðurhalds
og til Húsaleigu, fanst mjer hann brúka ósamsiðni-
leg orð með því að hann þverneytaði beyðni minni
og bar það fyrir sig að eg væri nógu Efnaður svo eg
gæti vel borgað Húsaleiguna og jafnvel vildi drótta
að mjer óreglu En í hverju helst ljet hann ekki uppskátt
En hvað Efnum og óreglu viðvikur, get eg sannað
að eru hans bein ósannindi, Sömuleiðis þegar eg óskaði
að hann kæmi og yfirliti Efni mín og heymilis ástæð-
ur mínar, Eða ljeti skoða hjá mjer þverneytaði hann
því sömuleyðis. Eins og húsbóndi minn heyrdi sem
með mjer var og ljet í ljósi að hann jrði að vísa mjer
burt úr sinni húsi ef eg gæti Ekki borgað[illegible]

L. Rvk. 9/11 1910

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

hann var búin að láta mig heyra þang orð sem að hann hefur álitið að ?? vel ætti við í þessu Efni, og láta mig heyra að sinn tími væri útrunnin og vildi Ekki heyra mig tala lengur hjá sjer. fór eg þá burt

En nú skora eg fastlega á nefndinaað. fram kvæmd verði skoðun á heymili mínu. bæði á Efnahag mínum og ástæðum. svo að hún (nefndin) geti sjeð með sínum Eigin augum hvort eg hvarti að þarflausu eða þörfum og það verði gert sem fyrst Skyldi nefndin nú Lítilsvyrða þessa áskorun mót von minni. Verð eg knúður til að fá menn til að Skoða heymilis ástæður mínar og Efnahag og Eptir þeyrra úrskurði reyni eg til að úrslitin megi verða

Virðingarfyllst

Grettisgötu 49. 9 Novembr 1910

Stefán. A. Guðmundsson.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Vegna þess að jeg, sem eins og kunnugt er, er blá-
fátækur maður, sem hefi 6 börn mín á ómagaaldri
framað færa, lá á síðastliðnu sumri veikur, og gat ekkert
unnið í 3 mánuði, og er enn með mjög veika heilsu; og
kona mín einnig hefir um langan tíma verið vesöl, og er
nú fyrir nokkrum dögum algjörlega lögst í rúmið, en
heimili mitt er nú alveg bjargþrota, þá neyðist jeg
hjer með til auðmjúklega að biðja hina háttvirtu fá-
tækrastjórn að veita mjer af fátækrasjóði frá byrjun
þessa mánaðar og framvegis hjálp, sem jeg eigi get komizt
af með að sje minni en 40 krónur á mánuði, svo lengi
sem heimilisástand mitt og heilsufar okkar hjóna ~~eigi er~~
eigi er betra en það nú er.

Traðarkoti í Reykjavík, 9. nóvember 1910.

Auðmjúklegast.

Marteinn Finnbogason.

Til

fátækrastjórnarinnar Reykjavík.

F. Rvk. [illegible]

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Tekin ábyrgð á legukostnaði
Þorbjargar Friðriksdóttur,
Hverfisg. 21

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

4/11. —

**G. BJÖRNSSON**
landlæknir.
**Viðtalsstundir á virkum dögum:**
**10—11 árdegis,**
**7—8½ síðdegis.**
18. talsími.

Ása Una Ás-
grímsdóttir
hefur nýlega
versnað af
brjóstveiki sinni
og er þar að
auki mjög þjáð
af megnum tauga-
verkjum, sem
byrjaði fyrir
2 dögum. Jeg
álít að hún
geti ekki verið
þar sem hún nú
er. Hún þyrfti að
komast í Heilsu-
hælið

*Reikjavík* 4/1 1910

G. Björnsson.

F. Rvk 92/1910

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# REIKNINGUR

til Herr Björn Johannsson

frá verzlun Th. Thorsteinsson, Reykjavík.

| 1910 | | | Úttekið Kr. | a. | Innlagt Kr. | a |
|---|---|---|---|---|---|---|
| Februar | 18 | An. Sjófatnad 8/25 25/1 Vixill 70/00 22/2 1 Svunta 3/90. 10 K Smjörl. 4/75 | 85 | 90. | | |
| | 24. | 1 ℔ Rjól 2/65 Sverta 0/35 1/3 Te pr. 0/45 2/3 Peninga 10/00. | 13 | 45 | | |
| Mars | 2. | 1 p. Ermar 0/90. Vörur 0/50 Lifsabyrgdargjald 5/58. 9 Vörur pr. 4/88 Peninga 1/00 | 12 | 86 | | |
| | 14. | 5 Pt. Olin 0/16. 15 Peninga 1/00 Vörur pr. 2/38. 23 Vörur 4/34. | 8 | 52. | | |
| | 26. | Vörur 1/22. Peninga 2/00. 30. Vörur 2/00. 1/4. Vörur 3/66. 4 Vörur 2/79. | 11 | 01. | | |
| April | 4. | Peninga 2/00. 6. Vörur 2/63. 7. Vörur pr. 1/93. 1 Skp. Kol 3/20. | 10 | 76 | | |
| | 7 | Peninga 10/00. Ost 0/47 1 ℔ Rjól 2/65 13. Vörur pr. 7/28. | 20 | 40. | | |
| | 18. | Vörur 1/60. 13. Peninga 3/00. 25 Vörur 3/63. 27 Vörur 0/36. | 8 | 59. | | |
| | 27 | 1 Rjól 2/65 30. Vörur 1/09. Peninga 1/00. 3/5 Vörur 0/10. Peninga 2/63. | 7 | 37 | | |
| Maj | 3. | Vörur 1/19. 9. Peninga 1/00. Vörur 6/08. 12. Vörur 2/12 Peninga 1/00. | 11 | 39. | | |
| | 14. | Vörur 5/00 + 1/23. Peninga 10/00. Ofjör Vettlinga 0/55 17 3 Pt. Olin 0/16. | 20 | 01. | | |
| | 17 | 1 ℔ Export 0/45 1 Fl. Fernis 0/60. 2 Kaffi 0/64. 1 ℔ Rjól 2/65 | 4 | 98. | | |
| | " | 2 ℔ Tolg 0/40. Peninga 0/50. 2 ℔ Melis 0/30. Peninga 20/00. | 21 | 90. | | |
| | 19. | Vörur 5/94. Peninga 1/00. 21. Kol. 3/20. Peninga 2/25 Vörur 0/78. | 13 | 17. | | |
| | 23. | Vörur 1/57 30. Vörur 4/41. Peninga 1/00. 1 ℔ Melis 0/28 | 7 | 26. | | |
| Juni | 4. | Vörur 2/43. 6. Peninga 3/00. Vörur 1/72. 10. Vörur pr. 1/37. 11 Vörur 2/18 | 10 | 70. | | |
| | 14. | Vörur 4/39. Peninga 1/00. 20/6. Vörur 4/45 Peninga 1/00. | 10 | 84. | | |
| | 25 | Kaffi 0/45 Peninga 0/50. 27. Vörur 2/71. 29/6. Vörur 5/61 + 0/50. | 9 | 77 | | |
| | 30. | Peninga 30/00. Vörur 5/65 14. Vörur 4/51. Peninga 1/50. | 41 | 66. | | |
| Juli | 23. | Peninga 1/00. Vörur pr. 5/22. 26. Vörur 1/98. 27. Kol pr. 0/85 | 9 | 05 | | |
| August | 1. | Peninga 4/00. Vörur 0/98 8 Vörur 5/94. | 10 | 92. | | |
| " | 9. | Peninga 20/00. 10. 1 ℔ Rjól 2/65 1/2 Cacao 2/00. 22. Vörur 3/43. | 27 | 08. | | |
| " | 22. | Peninga 0/50. 29. Vörur 3/84 Peninga 1/24. 5/9. Vörur pr. 5/86. | 10 | 84. | | |
| Sept. | 10. | Vörur pr. 3/33. 18. Vörur 1/76. 19. Vörur 3/47. Peninga 2/00. | 10 | 56. | | |
| | Pro. | Vetrarafli: 2 Skp. 242 ℔ þorski 65/00. 58 ℔ Do 50/00. 6 ℔ Smáf. 52/00. | | | 189. | 18. |
| | | 6 ℔ Langa 52/00 An. Salt & Verkun 28/27. | 28 | 27. | | 97. |
| | Pro. | Vorafli: 276 ℔ þorski 65/00. 19 ℔ þorski 50/00. 128 ℔ Smáf. 52/00. | | | 79 | 82. |
| | | 19 ℔ Smáf. 42/00. 3 ℔ Ysa 42/00. 2 ℔ Ysa 30/00. An: Salt & Verkun 10/30 | 10 | 30. | 3 | 06. |
| | Pro. | Sumarafli I. 272 ℔ þorski 65/00. 93 ℔ þorski 50/00. | | | 69 | 78. |
| | | 65 ℔ Smáfisk. 52/00. 24 ℔ Smáf. 42/00 10 ℔ Ysa 42/00. 12 ℔ Do 30/00. Langa 52/00. | | | 16 | 30. |
| | | An. Salt & verkun 11/19. Pro Sumarafli II 259 ℔ þorski 0/00. 197 Smáf 0/08. | 11 | 19. | 41 | 66. |
| | | 48 ℔ Ysa 0/06. An: Salt 5/04. | 5 | 04. | 2 | 88. |
| | | Lifur & Gota 11/26. An. Beita vetur 6/04. vor 5/65 sumar 3/93 + 2/46. | 18 | 08 | 11 | 26. |
| | | An. Aflaábyrgdargd. 0/84 + 0/64 + 0/47 + 0/83. Utskipun 3/18 + 1/20 + 1/46 + 1/30. | 9 | 92. | | |
| Oktob. | 28. | 1 ℔ Smjörl. 0/50. 29/10. Pro. Peninga 0/50. | | 50 | | 50. |
| | | Flyt | 482 | 29 | 415 | 41 |

S. Koh. 9/3 1910.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

1910

| | | Debet Kr. | au | Credit Kr. | au. |
|---|---|---|---|---|---|
| | Flutt Kr. | 482 | 29. | 415 | 41. |
| | mism. | | | 66 | 88. |
| | | 482 | 29. | 482 | 29 |
| Nov 1. Arr: | Skuld | 66 | 88. | | |

Reykjavik 8-11-1910

p. TH. THORSTEINSSON REYKJAVÍK Jacob.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

9/10 –

Jeg leyfi mjer hjer með virðingarfyllst að leita á náðir hinnar heiðruðu fátækranefndar Reykjavíkur og biðja hana að útvega mjer 100 Kr.; til að borga út 100 Kr. víxillán í Íslandsbanka sem húseign mín № 44 í Bergstaðastræti er veðsett fyrir með 2. – öðrum – veðrjetti móti því að bæjarstjórnin fengi þennan veðrjett.

Að öðrum kosti bið jeg nefndina að útvega mjer 35 Kr. lán til afborgunar og framlengingar á nefndum víxli.

Eins og hinni heiðruðu nefnd mun kunnugt hefi jeg fyrir mörgum börnum

Rvík 8/9 1910

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

að sjá, og kemst í vandræði ef jeg
fæ ekki þessa umbeðnu hjálp, þar sem
jeg á fullt í fangi með að greiða
veðdeildarafborgun frá af húsinu, sem
á fellur 1. næsta mánaðar.

Reykjavík, Bergststr. 44, 8. okt. 1910
Virðingarfyllst
Friðrik Sigmundsson

Til
fátækranefndarinnar í Reykjavík.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

…ey

…den

…ken

…1910

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Jón [illegible]

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur